



Viðhorf og kauphegðun íslenskra neytenda á hrossakjöti

Eva Margrét Jónudóttir


Kolbrún Sveinsdóttir

Guðjón Þorkelsson

Skýrsla Matis 5-19

Apríl 2019

ISSN 1670-7192



<i>Titill / Title</i>	Viðhorf og kauphegðun íslenskra neytenda á hrossakjöti		
<i>Höfundar / Authors</i>	Eva Margrét Jónudóttir, Kolbrún Sveinsdóttir og Guðjón Porkelsson.		
<i>Skýrsla / Report no.</i>	05-19	<i>Útgáfudagur / Date:</i>	Apríl 2019
<i>Verknr. / Project no.</i>	62480		
<i>Styrktaraðilar /Funding:</i>	Framleiðnisjóður landbúnaðarins		
<i>Ágríp á íslensku:</i>	<p>Markmið þessarar rannsóknar var að leggja fram tillögur til að bæta stöðu hrossakjöts á innanlandsmarkaði. Með meginlegri rannsóknaraðferð voru greind viðhorf og kauphegðun íslenskra neytenda (n = 853) á hrossakjöti. Niðurstöður voru meðal annars þær að hrossa- og folaldakjöt er ekki nógu áberandi og sýnilegt í verslunum alls staðar á landinu. Flestir sem versla hrossa- og/eða folaldakjöt kaupa það úr kæli eða um 50% þátttakenda en næst algengast er að fólk nálgist kjötið hjá vini, ættingja, slátri sjálf, kaupir beint frá býli eða fleira í þeim dúr. Oftar en ekki gerði fólk lítinn greinamun á viðhorfi til hrossakjöts annars vegar og folaldakjöts hins vegar. Hvað varðar kaupvilja á vörum þá sögðust flestir ólíklegastir til þess að kaupa grafið eða reykt hrossakjöt en líklegastir til þess að kaupa steikur, gúllas og snitsel. Að mati þátttakenda í rannsókninni hafa venjur og uppeldi hvað mest áhrif á neyslu hrossa- og folaldakjöts en þekking á vöru kom þar á eftir. Það eru mörg sóknarfæri í sölu hrossakjöts. Flestir sem tóku þátt í rannsókninni voru virkilega jákvæðir og fögnuðu umræðunni um hrossakjöt. 96% þeirra sem tóku þátt höfðu smakkað hrossa- og/eða folaldakjöt en þeir sem ekki höfðu smakkað höfðu ekki áhuga, annað hvort þá vegna þess þeir borðuðu ekki kjöt yfir höfuð eða vegna þess að þeim fannst það líkt og að borða hundinn sinn og töldu það rangt vegna tilfinninga. Hjátrú og fordómar gagnvart neyslu hrossakjöts virðast vera liðin tíð en þó mætti auka þekkingu almennings á gæðum og meðferð hrossakjöts. Flestir töldu hrossa- og folaldakjötið vera hreina og umhverfisvæna fæðu, lausa við sýklalyf og aðskotaefni. Það er ekki hægt að segja annað en að tækifærin séu til staðar fyrir markaðsetningu hrossakjöts og hægt að gera ráð fyrir því að með mörg tromp á hendi megi vinna stóran slag ef haldið er rétt á spilunum.</p>		
<i>Lykilorð á íslensku:</i>	<i>Hrossakjöt, folaldakjöt, neytendur, kauphegðun.</i>		

<p><i>Summary in English:</i></p>	<p>The aim of this study was to improve the status of horse meat on the Icelandic market. A quantitative research method was used to study the attitudes and buying behavior of Icelandic consumers on horse meat (n = 853). The results showed that horse and foal meat is not prominent and visible in stores in Iceland. Most people who buy horse and / or foal meat buy it from stores, refrigerated, or about 50% of the participants, but most often people get the meat from friends, relatives, slaughter themselves or buy directly from farms. Attitudes towards horse meat and foal meat were generally similar. In terms of buying a product, most people were the least likely to buy a buried or smoked horse meat, but most likely to buy steaks, guillemots and chips. The respondents believed that habits and upbringing had the most effect on horse and foal meat consumption, but knowledge of the product was in the third place. There are many opportunities in the sale of horse meat provided for quality products. Most of the participants were positive towards horse meat and welcomed the discussion on horse meat. 96% of the participants in the survey had tasted horse and / or foal meat. Those who had not tasted the meat, had no interest, either because they did not eat meat or because they felt like eating their dog and felt it was wrong because of emotions. Pastoralism and prejudice towards horse meat appear to belong to the past, but there is room for improvement of consumer knowledge of quality and treatment of horse meat. Most people considered the horse and foal meat to be clean and environmentally friendly food, free of antibiotics and contaminants. The marketing possibilities for horse meat are good.</p>
<p><i>English keywords:</i></p>	<p><i>Horse meat, foal meat, consumers, behavior.</i></p>

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
1.1	Íslenski hesturinn	3
1.2	Almennt um kjötgæði.....	4
1.3	Hrossakjöt og þróun á íslenskum kjötmörkuðum	6
1.4	Gamlir siðir, trúarbrögð og hleypidómar.....	9
1.5	Neytendahegðun og markaðssetning	13
1.6	Heimsframleiðsla og viðskipti.....	15
1.7	Losun gróðurhúsalofttegunda	19
2.	Framkvæmd	21
2.1	Viðhorfs og neyslukönnun.....	21
2.2	Úrtak.....	23
2.3	Tölfræðiúrvinnsla	24
3.	Niðurstöður.....	25
3.1	Svörun	25
3.2	Neysla, innkaup og matreiðsla hrossa- og/eða folaldakjöts.....	26
3.3	Neysla og kauphegðun	28
3.4	Venjur og viðhorf tengd hrossa- og/eða folaldakjöti	30
3.5	Vörur úr hrossa- og/eða folaldakjöti	41
4.	Umræða og ályktanir	44
4.1	Umræður	44
4.2	Ályktanir	46
5.	Þakkarorð.....	49
6.	Heimildir	50
7.	Viðaukar	55

7.1 Frekari greining kauphegðunar eftir neyslutíðni.....	55
7.2 Upplýsingar um viðskipti með kjöt og umhverfisáhrif landbúnaðar á Íslandi	56
7.3 Spurningakönnun	60

1. Inngangur

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er skráð árleg framleiðsla á hrossakjöti um 1000 tonn sem er um 4% af kjötframleiðslu landsins. Helmingur framleiðslunnar er seldur innanlands en hinn helmingurinn fluttur út. Skráð framleiðsla þarf þó ekki að endurspegla raunverulega stöðu hrossakjöts á markaðnum því vitað er að töluverð sala og ræktun fer fram óskráð að öllu leyti. Samkvæmt skráðum upplýsingum er hver Íslendingur að neyta að meðaltali 1,5-2 kg af hrossakjöti á ári.

Hrossakjötið hefur marga kosti líkt og hátt næringargildi, mikla meyrni, lágt verð og lítil skaðleg áhrif á umhverfið samanborið við til dæmis nautakjöt eða kjöt af sauðfé. Hrossakjötið er þó ekki gallalaust því vegna fitusýrusamsetningar kjötsins þránar það fljótt, upplitast og er því viðkvæmara fyrir meðhöndlun en annað kjöt. Helstu markaðir innanlands eru smásöluverslanir, veitingahús og mótuneyti. Vanþekking, lítið aðgengi, samkeppni við aðrar kjöttegundir og hneyksli vegna vörusvika ógna stöðu hrossakjöts á markaði.

Meginmarkmið þessa verkefnis var að bæta stöðu hrossakjöts á innanlandsmarkaði. Lögð var fyrir spurningakönnun um viðhorf og kauphegðun íslenskra neytenda á hrossakjöti. Lagt var upp með að svara ýmsum spurningum á borð við hefur markaðssetning/framsetning í búðum áhrif á kauphegðun neytenda? Hefur verð á hrossakjöti áhrif á eftirspurn? Hafa menning, trúarbrögð eða vanþekking á framreiðslu áhrif á kauphegðun neytenda? Er framboð of lítið eða framsetningu ábótavant? Hafa þeir sem aldrei neyta hrossakjöts yfir höfuð smakkað það? Hefur einhvern tímann verið reynt að markaðssetja hrossakjöt á innlendum markaði? Þessum spurningum verður svarað í niðurstöðu- og umræðukafla.

1.1 Íslenski hesturinn

Talið er að öll hestakyn (e. *Equus ferus*) sem þekkjast í dag séu komin af tveimur villihestakynjum, þ.e. Trapan, sem var upprunalega frá Austur-Evrópu og rússnesku sléttunum og Prezewalski frá Mongólíu (Peplow, 1998; Valderrábano, 1970). Af ættkvíslinni equus eru þrjár tegundir, þ.e. Sebrahestur (e. *Zebra*), Asni (e. *Asinus*) og Hestur (e. *Caballus*). Íslenski hesturinn (e. *Equus ferus caballus*) telst til smáhesta og var í fyrstu talinn skyldur norska fjarðarhestinum en blóðflokkarannsóknir geta ekki staðfest að svo sé. Menn hafa síðar getið sér til um að íslenski hesturinn sé frekar skyldur Nordlandshestinum sem er einnig frá Noregi. Í dag er heldur talið líklegt að íslenski hesturinn sé samblanda margra annarra kynja, ekki eingöngu frá Noregi eins og lengi hefur verið haldið heldur einnig frá Skotlandi, Írlandi og fleiri löndum (Ingimar Sveinsson, 2010). Líklegt er að frá landnámi hafi íslenski hesturinn verið einangraður hér og þróast áfram sem hinn íslenski hestur sem við þekkjum í dag. Hann hefur þá sérstöðu að vera eini hesturinn sem hefur fimm gangtegundir og eru þær fet, brokk, stökk, tölt og skeið. Til eru önnur erlend hestakyn sem búa yfir þessum gangtegundum en ekkert þeirra hefur þær allar fimm. Fyrr á öldum var hesturinn mest megnis ræktaður til vinnu og ferða. Þess vegna var hann þarfasti þjónninn hér á landi fyrir vélvæðingu (Gunnar Bjarnason, 1982; Jónas Jónsson, 2013). Í seinni tíð hefur áherslan í hrossaræktinni gjörbreyst og aðaláherslan nú er lögð á reiðhesta. Reiðmennska er þó afar fjölbreytt og þar má nefna hestaleigur, reiðskóla, sýningar og hin ýmsu ræktunarbú. Ræktunarbúin geta verið alla vega, eins og kynbætur eftir kynbótamarkmiðum, ræktun ferðahesta, keppnishesta eða jafnvel smalahesta (Ingimar Sveinsson, 2015).

Íslenski hesturinn er harðgerður. Hann hefur frá landnámsöld þurft að ganga úti og bjarga sér eins og kostur var hverju sinni. Þannig hefur hann þróað með sér eiginleika líkt og kuldaþol og góða fóðurnýtingu (Ingimar Sveinsson, 2010). Íslenski hesturinn hefur þétt og fitusmurt hárafar, loðinn vetrarfeld með löngum vindhárnum til varnar gegn vætu og minnkað yfirborð (stuttur bolur, háls og útlimir). Meltingafæri eru rúmmikil, þá sérstaklega víðgirni (botnlangi og ristill), hann hefur mikla fitusöfnunareiginleika og hæfileika til þess að safna og geyma ýmis fóðurefni úr sumarfóðrinu líkt og vítamín (Udén, Rounsaville, Wiggans, & Van Soest, 1982; Ingimar Sveinsson, 2010).

1.2 Almennt um kjötgæði

Áframhaldandi neysla á kjöti er tryggð með því að bjóða upp á framboð á heilbrigða, örugga, næringarríka, meyra vöru og önnur þau gæði sem neytandinn krefst. Þar sem efnahagur er góður eru í auknum mæli gerðar meiri kröfur til þess að kjöt sé af miklum gæðum (Warner, Greenwood, Pethick & Ferguson, 2010).

Kjötskrokkur skiptist í bein, bandvef, fitu og vöðva. Kjöt er í lagalegum skilningi beinagrindarvöðvi af spendýri eða fuglategund sem viðurkennd er til manneldis, ásamt náttúrulega meðfylgjandi eða áföstum vef (Reglugerð um kjöt og kjötvörur. 331/2005). Þegar talað er um fitusprengingu er átt við fitu í vöðva en ekki hvað er mikil fita á skepnunni undir húðinni og milli vöðva. Algengt er að skera mikið af fitunni burt sem liggur undir húðinni til þess að framleiða fitulitla vöru sem mætir kröfum neytandans en það er stundum ekki hægt hvað varðar fitu sem liggur á milli vöðva (Warris, 2010). Með hækkandi fitu á skrokkum vex innanvöðvafita en hún er þó mismunandi eftir vöðvum og þeir misjafnlega fitusprengdir (Guðjón Þorkelsson, Baldur Þ. Vigfússon, Rósa Jónsdóttir, & Ólafur Reykdal, 2001).

Grundvallaratriði til framleiðslu á hágæða kjöti er að kunna skil á þeim þáttum sem valda því að gæði þess breytast. Til þess að skilja meyrni kjöts þarf að geta skilið hvernig arfgerð og umhverfi hafa áhrif á þessa eiginleika. Meyrni í kjöti ákvarðast af meðferð sláturdýra, aldri við slátrun, kælingu eftir slátrun og hlutfalli bandvefs, lengd vöðvaþrása og niðurbroti próteina í vöðvum, tíma í kæli og loks matreiðslu. Vöðvafita og efnaskipti eftir slátrun geta einnig haft áhrif á meyrni í kjöti (Warner, o.fl., 2010; Guðjón Þorkelsson & Ólafur Reykdal, 2002).

Mælikvarðinn á kjötgæði er breytilegur eftir þeim kröfum sem neytandinn gerir til kjötsins. Neytandanum þarf að finnast kjötið girnilegt sem bæði felur í sér að það líti vel út en einnig að það sé heilbrigt, öruggt og að velferðarsjónarmiða hafi verið gætt við framleiðslu þess (Becker, 2000; Guðjón Þorkelsson & Ólafur Reykdal, 2002). Helstu þættir sem ákvarða það hvort kjötið er girnilegt í augum neytandans eru litur, áferð, litur á fitu, fitumagn eða hversu fitusprengt kjötið er og síðast en ekki síst hvort kjötið líti út fyrir að vera safaríkt eða hvort það sé mikill umfram vökví í pakkningunni. Eftir að kjötið hefur verið eldað eru það aðrir þættir sem ákvarða gæði kjötsins að mati neytandans líkt og meyrni, bragð og hversu safaríkt kjötið er (Glitsch, 2000).

Próteinsamsetning í kjöti hentar almennt vel til mannelis vegna þess hve vefirnir í kjötinu eru líkir okkar eigin. Þess vegna getur líkaminn með auðveldum hætti tekið upp ýmsar lífsnauðsynlegar amínósýrur úr kjöti (Warris, 2010).

1.3 Hrossakjöt og þróun á íslenskum kjötmörkuðum

Hross eru venjulega ekki ræktuð sérstaklega til kjötframleiðslu heldur til reiðmennsku. Kjötframleiðsla eingöngu er þó til víða um heim en er sjaldgæf í samanburði við reiðmennsku rækt. Aftur á móti verða ekki öll hross góðir reiðhestar og oft er hnífurinn því besti vinur þess manns sem ætlar að ná langt í kynbótum. Af því leiðir að í hestamennsku fellur til kjöt af hestum sem ekki standast kröfur fyrir reiðhesta hvað varðar geðslag, byggingu eða heilbrigði svo dæmi séu tekin (Jaskari, o.fl., 2015). Samanborið við annað kjöt hefur hrossakjöt hátt næringargildi, það er auðugt af járni og B-vítamíni en hefur lágt kólesteról og fitu (Njari, Fleck, & Kadivc, 2009).

Íslenskt hrossa- og folaldakjöt hefur ekki verið rannsakað mikið en þær rannsóknir sem hafa verið gerðar sýna þó fram á að kjötið er nokkuð ólíkt hrossakjöti af öðrum hestakynjum. Til að mynda eru kjötskrokkar minni, feitari, fitan dekkri, oft á tíðum gulari en af hrossum erlendis og einnig mýkri (Guðjón Þorkelsson o.fl., 2001). Líklega stafar þessi munur af því að íslenski hesturinn gengur jafnan úti allt árið um kring. Hann hefur þannig aðlagast náttúrunni með því að hafa góða fitusöfnunareiginleika. Hann safnar fituforða á sumrin þegar nóg er að bíta og á þannig vetrarforða (Guðjón Þorkelsson, 2000). Hrossakjöt hefur hátt hlutfall ómettaðara fitusýra sem gerir það að verkum að vinnsla og geymsluaðstæður þurfa að vera nokkuð fullkomnar til að skila góðri vöru (Guðjón Þorkelsson, 2000; Guðjón Þorkelsson o.fl., 2001).

Kjötskrokkar hrossa eru flokkaðir eftir aldri, holdafyllingu og fitumagni. Flokkana má sjá í eftirfarandi töflum.

Tafla 1.- Aldursflokkar hrossakjöts

<i>Aldursflokkar</i>		
UFO	Ungfolakjöt	Skrokkur af folöldum allt að 4 mánaða aldri, vel holdfylltir
FO	Folaldakjöt	Skrokkur af folöldum allt að árs gömlum
TR	Trippakjöt	Skrokkur af trippum eins og tveggja ára
UH	Unghrossakjöt	Skrokkur af hrossum þriggja til sex ára, vel holdfylltir
HR	Hrossakjöt	Skrokkur af hrossum eldri en 6 ára

(Reglugerð um gæðamat, flokkun og merking sláturafurða. 500/2017).

Tafla 2.- Hrossaskrokkar. Holdafyllingarflokkar

Holdafylling	
I	Vel eða sæmilega holdfylltir skrokkar
II	Mjög vöðvayrir og magrir skrokkar

(Reglugerð um gæðamat, flokkun og merking sláturafurða. 500/2017).

Kjötmat eftir holdafyllingu á ekki við um UFO og UH því skrokkar flokkast ekki í þá flokka nema vera vel holdfyllir eða sambærilegir við holdafyllingarflokk I.

Fituþykkt er mæld á miðri síðu hjá þriðja aftasta rifbeini.

Tafla 3.- Hrossaskrokkar. Fituflokkar

Fituflokkar			
	A	B	C
FO I	20 mm	> 20 mm	
TR I	25 mm	> 25 mm	
HR I	30 mm	50 mm	> 50 mm

(Reglugerð um gæðamat, flokkun og merking sláturafurða. 500/2017).

Tafla VII.4.3: Fjöldi skrokka hrossakjöts 2017 (hrossakjöt alls 8.900 stk. 1.061.142 kg)


Fölöld		Trippi		Eldri hross	
Flokkur	Fjöldi	Flokkur	Fjöldi	Flokkur	Fjöldi
FO I A	5.211	TR I A	120	HR I A	3249
FO I B	1	TR I B	0	HR I B	2
FO II	109	TR II	22	HR II	130
				UH I	56
Alls stk.	5.321	Alls stk.	142	Alls stk.	3.437
Innvegið kg	411.581	Innvegið kg	18.136	Innvegið kg	631.425
Meðalvigti	77,4	Meðalvigti	127,7	Meðalvigti	183,7

Allir flokkar skráðir án hupps og síðu (pístóluskorið)


Mynd 1. Úr starfsskýrslu MAST til útskýringar um hvernig innlög skiptist. (bls 92. 2017)

Lang stærsti hluti hrossakjöts fellur undir annað hvort folaldakjöt eða hrossakjöt þar sem dýrið er eldra en 6 ára. Flest fölöld fæðast á vorin og er jafnan slátrað næsta haust eða vetur en eldri hrossum er slátrað yfir allt árið. Þannig er folaldakjöt oftast fryst og meiri líkur á því að hægt sé að kaupa ferskt hrossakjöt allt árið því slátrun eldri dýra er jafnari (Guðjón Þorkelsson, 2000.).

Framleiðsla hrossakjöts á Íslandi hefur verið u.þ.b. 1000 tonn á ári. Það eru um 4% af kjötframleiðslu í landinu. Hlutfallslega neyta Íslendingar ekki nema 2% af hrossakjöti samanborið við aðrar kjöttegundir (Mynd 2). Helmingur framleiðslunnar hefur verið til útflutnings en hinn helmingurinn seldur innanlands. Þetta gera ekki nema 1,5-2 kg á mann árlega (Hagstofa Íslands, á.á.).



Mynd 2. Hlutfall kjöts í heilum skrokkum eða pörtum selt innanlands 2017 (Hagstofa Íslands. á.á.).



Mynd 3.- Framleiðsla, sala og útflutningur hrossakjöts í tonnum 2007-2017 (Hagstofa Íslands. á.á.).

Hrossakjöti er gjarnan líkt við nautakjöt nema meyrara, sætara, grófara og með smávegis hestabragði.

1.4 Gamli siðir, trúarbrögð og hleypidómar

Neysla á hrossakjöti hefur ítrekað í gegnum tíðina orðið fyrir miklu aðkasti vegna trúarbragða, samfélags- eða siðavenja (Fernández de Labastida, 2011). Það reynist ótrúlegt hvað fornir hleypidómar geta lifað lengi meðal manna. Að vera kallaður hrossaæta eða hrossakjötsæta árið 1861 var smán því slíkt athæfi þótti aðeins hæfa tröllum og útilegumönnum. Við kristnitöku kringum árið 1000 kröfðust kristnir menn þess að hrossakjötsát yrði bannað með lögum (Gunnar Sveinsson, 1962). Að þeirra mati mátti einungis leggja sér til munns ferfætt klaufdýr sem jórtra (Sigurður Örn Steingrímsson & Jón Rúnar Gunnarsson, 2001). Hrossið var það dýr sem var hvað mest blótað í heiðnum sið (Finnur Jónsson, 1913), bæði vegna þessa og af þeirri ástæðu að hesturinn taldist óhrein dýr að mati kristinna manna, leituðust þeir við að útrýma hrossakjötsáti. Margt bendir til þess að fyrir kristnitöku hafi verið nokkur harðindi og á slíkum hallæristímum (Þorvaldur Thoroddsen, 1916) þótti hrossakjötsát vera ákjósanleg kreppuráðstöfun (Sigurður Nordal, 1942). Undanþágan um hrossakjötsátið eftir þessa deilu stóð aðeins yfir í nokkur ár, en seinna var hert á banninu við hrossakjötsáti og afleiðingar þess fjörbaugsgarðssekt (útleið 3 ár og peningasekt). Í lögum um tíundargjald er sérstaklega tekið fram að það fé sem gefa skuli þurfamönnum, skuli vera í öllu nema í hrossum (Vilhjálmur Finsen & Nordiske Literatur-Samfund, 1852).

Viðhorf gagnvart hrossakjötsáti átti lítið eftir að breytast næstu áratugina en lögin kváðu flest á um það allt fram á 18. öld, að hrossakjöt skyldu menn aldrei leggja sér til munns nema í neyð sem varaforða, sem gripið væri til ef allt annað þryti. Á þessum tíma þegar harðindi voru, var ekki tekið eins hart á hrossakjötsáti og áður, en ef það spurðist út að menn hefðu lagt sér hrossakjöt til munns, þá voru þeir látnir taka opinberar skriftir eða hlutu opinbera áminningu í söfnuðinum og misstu þar að auki virðingarsæti í kirkjunni ef þeir höfðu haft slíkt (Gunnar Sveinsson, 1962).

12. júlí 1760 stóð Finnur biskup fyrir því að gerð var réttarsamþykkt og undir hana skrifuðu hann sjálfur, Magnús amtmaður Gíslason ásamt ellefu prestum úr Skálholtsbiskupsdæmi. Samþykktin hljóðar svo:

Hrossakjöts át hefur frá alda öðli og trúarbragðanna bóta verið álitid hneykslanlegt; og þess vegna nú, þá trúarbrögð vor eru í blóma, álízt það viðbjóðslegt, nema í hæstu lífs nauðsyn, þá er mönnum leyfilegt að eta allt, hvað náttúran ei hefur skaða af og þeir með frjálssu mega. Og þar góður guð hefur frelsað landið frá hallæri, þá álízt hrossakjöts át bæði ólíðanlegt og straffsverðugt. En so enginn af þeim, sem sig þar eftir hafa lagt og sætan smekk á fengið, kunni að afsaka sig með þekkingarleysi, að slíkt kjöt er varrar kirku lögum fyrirboðið, þá ber prestunum að undirréttu þeim, er þeir verða varir við, að slíks neyta, að sama sé óhæfa í vorri kristilegri kirkju, og leggi þeir það ei af, þá megi vænta straffs, fyrst með opinberri áminningu í safnaðarins viðurvist, þar næst verði þeim framhald hrossakjöts átsins yfirbevísað, þá straffist þeir ei einasta með opinberri áminningu, heldur með gapastokki í alls safnaðarins, þá fjölmennastur er, hans viðurvist. En hjáli ei þessi viðleitni, þá tilsegist verðslegu yfirvaldi til straffs eftir Fredrici Tertii Forordning af 3 Maji 1650 (Gunnar Sveinsson, 1962. bls. 22.; Frumheimildin er úr Prestastefnubók Skálholtsbiskupdæmis 1735-1810, Bps. A, III, 4, 233-234.)

Ekki bar mikið á deilum um hrossakjötsát eftir þetta fyrr en Magnús Ketilsson sýslumaður Dalamanna skrifaði um það grein sem kom úr árið 1776. Magnús reynir þarna að draga úr fordómum á hrossakjötsáti án þess þó að hvetja til þess að ástæðulausu. Hann segir frá reynslu sinni þar sem hann færir rök fyrir því að það sé mýta að með hrossakjötsáti geti menn spillt útliti sínu, að hrossaslátur vanblessi heimilið og skaði almenningsvelferð. Magnús skrifaði einnig um skoðanir sínar að með því að slátra fleiri hrossum, þó ekki ætti að nýta kjötið, mætti nýta fituna (flotið) til ljósmetis og spara þannig fé (Magnús Ketilsson & Eiríkur Guðmundsson Hoff, 1776).

Það sem Magnús Ketilsson skrifaði um hrossakjöt hneykslaði marga og ekki síst Halldór Jakobsson sýslumann í Strandasýslu. Hann gekk svo langt að skrifa kirkjustjórnarráðinu í Kaupmannahöfn bréf ári seinna, þar sagði hann sagði lauslega frá innihaldi þess sem Magnús hafði skrifað um hrossakjöt og greinir frá ráðstöfunum sem hann í samráði við prófast sinnar sýslu hefðu gert til þess að almúginn myndi ekki saurgast. Halldór taldi að þessi skrif Magnúsar gætu leitt til þess að prestar og jarðareigendur yrðu að taka hrossafeiti í ljóstolla. Því gætu fylgt erfiðleikar í sambandi við smjörleigur ef feitinni yrði blandað í smjórið o.s.frv. Hann taldi einnig að það sem Magnús skrifaði um hrossakjöt, ætti að gera upptækt og leggja bann við lesningu þess (Gunnar Sveinsson, 1962). Á þessum tíma var að hefjast eitt mesta hörmungatímabil sem yfir Ísland hafði gengið og stóð það yfir í áratug. Hrossakjötsátið hófst á ný en það var síður en svo vel liðið.

Finnur biskup segir í bréfi til Páls Sigurðssonar prests þann 6. janúar 1780 að það verði að horfa framhjá því ef fólk borðar hrossakjöt til þess að bjarga lífi sínu, því það sé skárra að borða hrossakjöt, frekar en að drepast úr hungri eða stela mat.

En þeim, sem nauðsynjalaust eður af kergju eða tímuleysi, eiga þarum að áminnast ogso heimuglega, að þeir ekki vísvitandi og viljandi hneyksli sinn einfaldan og fáfróðan, en þó samkristinn náunga. Annað sé eg ei, hvað prestarnir geta hérvíð gjört utan að gefa það sýslumanni til titundar og láta hann síðan þarvíð gjöra, hvað honum þókkast, því það er hans, en ei prestanna að straffa þá hér fyrir, sem straffs verðir sýnast eður þvílíkt gjöra nauðsynjalaust með gapastokk og þvílíku.

(Gunnar Sveinsson, 1962).

Veturinn 1781 var orðið svo mikið um hrossakjötsát vegna bjargræðisskorts að slíkt hafði ekki þekkt í svo miklum mæli síðan fyrir kristnitöku (Hannes Finnsson & Nanna Ólafsdóttir, 1977).

"Í hverju álitu mundu landar vorir vera, ef þeir einir af öllum kristnum í norður-hálfunni legðust í hrossa-kjöts át? það á því hér eftir sem hingað til að vera harðliga bannað sem viðurstygð, nema þá óumflýjanligt lífstjón liggur við" (Hið íslenska lærdómslistafjelag, 1787, bls 53).

Um aldamótin 1800 hafði aðeins dregið úr andúð manna á hrossakjötsáti. Bæði hafði spurst út að hrossakjöt þótti herramannsmatur í Danmörku en einnig hafði fyrr nefndur Magnús Ketilsson haft þau áhrif að fólk vaknaði til umhugsunar (Gunnar Sveinsson, 1962). Það var ekki fyrr en 1808 sem fyrsti maðurinn þorði að mæla opinberlega með hrossakjötsáti, svo miklir voru hleypidómarnir. Magnús dómstjóri Stephensen sem dvalið hafði veturinn á undan í Kaupmannahöfn skrifaði upp tillögur í sautján liðum sem hann lagði fyrir kansellíð (stjórnarskrifstofa konungsríkis Danmerkur) vorið 1808 þar sem í fimmta lið mælti hann kröftuglega með notkun hrossakjöts og lagði til að það yrði vindþurrkað að færeyskum hætti (Ólafur Halldórsson, Hilmar Stephensen, Jón Sigurðsson & Oddgeir Stephensen, 1857, bls. 179). Tillögur Magnúsar voru staðfestar með konungsúrskurði 21. júlí 1808 (Ólafur Halldórsson, o.fl., 1857, bls. 190-196). Níu dögum síðar skrifaði rentukammeraðið (stjórnardeild í danska einveldinu er varðar efnahagsmál) bréf til Trampe stiftamtmanns (e. *Trampe greifi*) og fól honum að hindra þessar tillögur í framkvæmd (Ólafur Halldórsson, o.fl., 1857, bls 207-214). Í bréfinu kom skýrt fram að að útbýta ætti ókeypis á Íslandi ritgerð eftir Magnús Stephensen um hagnýtingu innlendra fæðutegunda. Ritgerðin var prentuð í Kaupmannahöfn 1808 og nefnist *Hugvekia til góðra Innbúa á Íslandi : Ad bón konúngl.*

tilskipadrar Commissi6nar til yfirvegunar Islands naudpurftar. Trampe greifi birti f6einar augl6singar um efni samþykktanna en minntist ekkert 6 hrossakj6t. Hins vega birti Magn6s augl6singu og 6varp til þj66arinnar 6 vegum Trampe þar sem fylgdi kafli um hrossakj6ts6t. Þar hvetur hann til hrossakj6ts6ts og l6etur hlj6ma eins og Danakonungur hafi 6tt frumkv6e6i6 um 66 koma 6 hrossakj6ts6ti 6 6slandi (6lafur Halld6rsson, o.fl., 1857. bls 230-231). Þetta var vissulega ekki n6g til þess 66 þurrka 6t hleypid6ma og hj6tr6 6 hrossakj6ts6ti, en haf6i 6hrif 6 þa6 66 tr6arlegir hleypid6mar er m6li6 var6a ur6u t6luvert minni. Gunnar Sveinsson telur Magn6s hafa hitt naglann 6 h6fu6i6 þegar hann segir 66 ors6k þess 66 hrossakj6ts6t lag6ist ni6ur 66 fornu hafi veri6 "misskilinn kristind6mur" (Gunnar Sveinsson, 1962; Magn6s (6lafsson) Stephensen, 1808). Hrossakj6ts6t f6er6ist 6 aukana milli 1935 og 1955 6r 200 tonnum 6 1250 tonn 6 6ri. 6tla6 magn af hrossakj6ti 6 mann hefur þ6 fari6 6r 1 kg upp 6 9 kg 6 mann 6rlega. Til vi6mi6unar var 6rleg kj6tneysla einstaklingsins þarna um 56-75 kg 6 mann. Margar 6st6e6ur liggja 66 baki þess 66 hrossakj6ts6t j6kst svo miki6 6 sk6mmum t6ma. Sem d6emi m6etti nefna 66 ford6mar gegn hrossakj6ts6ti voru h6egt og r6lega 66 hverfa me6 n6jum kynsl66um, nautgripir voru eing6ngu r6kta6ir fyrir mj6lk en ekki aldir s6rstaklega til kj6tframlei6slu, þa6 var skortur 6 6d6ru kj6ti og þa6 voru 66eins s6raf6 sv6n 6 6slandi eftir s66ari heimsstyrj6ldina. Einnig haf6i m6e6uveiki geisa6 yfir og veri6 mikill fl6skuh6ls 6 sau6fj6rr6ekt 6 þessum t6mum (Gu6j6n Þorkelsson, 2000.).

1.5 Neytendahegðun og markaðssetning

Hegðun og ákvarðanatöku neytenda er margslungið ferli. Það getur verið mikilvægt fyrir markaðinn að vita hvað hefur áhrif á ákvarðanatöku neytandans til þess að skilja betur hvað veldur kauphegðun. Neytendur eru oft meðvitaðir hvað varðar til dæmis gæði, uppruna og verð. Á þennan hátt eru neytendur stöðugt að hafa áhrif á markaðinn með eftirspurn sinni (Hansen, 1972; Solomon, 2011). Langanir neytandans og hans raunverulega val er alls ekki það sama. Neytandinn kann að segja "ég vil frekar kaupa kjöt sem er með velferðarstimpil", en þegar á á hólminn er komið stendur hann fyrir framan kælinn í búðinni og valið er á milli tveggja svipaðra vara, þar sem velferðarkjötið er dýrara. Ef hann velur óvelferðarvottað ódýrara kjöt hefur verð vörunnar meiri áhrif á kauphegðunina en velferðarstimpillinn (Harper & Henson, 2001). Með þessum hætti gæti neytandinn haft löngun í einn hlut en ýmsar ytri aðstæður haft áhrif á það hvort hann kaupir endanlega þá vöru sem hann langar í, aðra staðgönguvöru eða jafnvel enga vöru (Þórhallur Guðlaugsson & Valdimar Sigurðsson, 2006). Að þekkja vel til viðskiptavina er sterkur leikur í markaðssetningu. Auglýsingarnar hafa áhrif á kauphegðun neytandans og skoðanir hans mótast af þeim upplýsingum sem hann fær í gegnum auglýsinguna (Særuín Dögg Sveinsdóttir, 2011). Hugtak hagfræðinnar um hinn hagsýna mann byggir á því að neytandinn viti hvað hann vill, ef um tvo eða fleiri kosti er að ræða, hann sé samkvæmur sjálfum sér og að hann kjósi meira magn af gæðum fram yfir minna magn af þeim (Ágúst Einarsson, 2007). Ýmislegt hefur áhrif á langanir og hegðun einstaklingsins. Þar má nefna menningu því mannleg hegðun er að mestu lærd. Úr umhverfinu lærir einstaklingur grunngildi, viðhorf, langanir og hegðun þar sem hann elst upp. Þeir sem vinna að markaðsmálum reyna þess vegna að sjá fyrir vöntun á vörum með því að fylgjast með breytingum í menningu samfélags (Kotler, Wong, Saunders & Armstrong, 2008). Þessir þættir hafa áhrif á viðhorf og hvaða vöru fólk kaupir.

Löngun í vörur takmarkast meðal annars af tekjum sem neyðir einstakling til þess að velja og hafna. Samkvæmt kenningunni um tekjubandið þarf viðkomandi einstaklingur að ákveða hvar hann vill vera á tekjubandinu, þannig að ef hann eyðir miklu fé í eina vöru/þjónustu þá er minna eftir til þess að eyða í aðra vöru/þjónustu (Gwartney & Stroup, 1995).


Í rannsókn Snædísar Önnu Þórhallsdóttur (2012) um viðhorf íslenskra neytenda til landbúnaðarafurða og áhrifaþætti á kjötneyslu kemur fram að meirihluti Íslendinga vilji frekar kaupa íslenskt kjöt og er tilbúinn til að borga hærra verð fyrir íslenskar kjötvörur. Þ.a.l. er verð ekki allsráðandi þáttur á íslenskum kjötmörkuðum og hærra verð ætti ekki að draga úr eftirspurn íslensks kjöts. Snædís lagði fyrir spurningakönnun en hrossakjöt var ekki liður í þeirri könnun heldur eingöngu lambakjöt, nautakjöt, kjúklingur og svínakjöt. Í spurningakönnun Snædísar kom fram að meirihluti þeirra sem svaraði eða 65% töldu íslenskar kjötvörur almennt gæðameiri en erlendar. 35% þeirra sem svöruðu könnuninni myndu frekar kaupa erlent kjöt ef það væri ódýrara en það íslenska, 89% töldu aðbúnað húsdýra skipta máli við framleiðslu á kjöti og 19% voru ekki tilbúnir til að borga meira fyrir kjöt sem væri velferðarvottað. Það var einnig marktækur munur á því að fólki fannst skipta meira máli að lambakjötið væri íslenskt frekar en aðrar kjötttegundir (Snædís Anna Þórhallsdóttir, 2012).

Snædís hélt áfram á svipaðri braut með rannsóknir sínar í meistaranámi og kannaði þá greiðsluvilja neytenda á nautakjöti þar sem borið var saman annars vegar íslenskt og spænskt hakk og hins vegar íslenskar og nýsjálenskar nautalundir. Þar kom meðal annars fram að neytendur eru tilbúnir að greiða 275 kr/kg meira fyrir íslenskt nautahakk en 585 kr/kg meira fyrir íslenska lund frekar en innflutta (Snorri Sigurðsson, 16.04.'15).


Á Íslandi hefur líftæknifyrirtækið Ísteka framleitt frjósemislyf sem ætluð eru svínum og sauðfé víða um heim. Í þessi lyf eru notuð próteinhormón sem finna má í merarblóði á fyrstu vikum meðgöngunnar (RÚV, 29.10.'12). Ísteka er eina fyrirtækið hér á landi sem greiðir fyrir merarblóð og dýralæknar á vegum fyrirtækisins sjá um blóðtökuna (Margrét Þóra Þórsdóttir, 06.12.'17). Hægt væri að koma upp framleiðslukerfi fyrir kjöt af folöldum blóðmera og útfæra það á ýmsan máta eftir markaðnum.

1.6 Heimsframleiðsla og viðskipti

Hrossakjötsframleiðsla var nokkuð stöðug á heimsvísu frá 1965-1990 en síðan þá hefur framleiðslan aukist um 40% aðallega í Asíu en einnig Evrópu. Þessa mikla aukning í Asíu stafar líklega af því að Kasakstan og Kirgistan voru ekki hluti af gagnagrunninum fyrr en eftir 1992, auk þess sem hrossakjötsframleiðsla jókst í Kína. Aðal aukningin í Evrópu var á tíunda áratugnum í tengslum við kúariðu í nautgripum (Fernández de Labastida, 2011). Hrossakjötsframleiðsla er hlutfallslega mjög lítil og ekki nema 0,25% af heildarkjötsframleiðslu í heiminum (Belaunzaran, o.fl., 2015). Þegar skoðuð er framleiðsla eftir heimsálfum þá sést að 46% af framleiðslunni er í Asíu, 30% í Ameríku, 18% í Evrópu, 4% í Ástralíu og 2% í Afríku (mynd 4 og 5). Af öllum löndum í heiminum framleiðir Kína langsamlega mest af hrossakjöti en þar á eftir kemur Kazakstan (Belaunzaran, o.fl., 2015).




Mynd 4. Heimsframleiðsla hrossakjöts eftir heimsálfum frá 1965-2013. Línurnar sýna framleiðslu hvernar heimsálfu á vinstri ás í þúsundum tonna, á meðan súlurnar sýna heildarframleiðslu á heimsvísu á hægri ás í þúsundum tonna (Belaunzaran, o.fl., 2015).



Mynd 5. Heimsframleiðsla kjöts hlutfallslega eftir dýrategundum. Fiðurfé samanstendur af öllum kjúklingum, kalkúnum, öndum, fuglum, gæsnum og guiena fuglum. Hópurinn þar sem stendur annað inniheldur buffaló, kameldýr, asna o.fl. en ekki sjávarsnigla (Belanzaran, o.fl., 2015).

Kína er með 26% af heimsframleiðslunni, Kasakstan 12%, Mexíkó 11%, Rússland 7% og Argentína 4% sem samsvarar 58% af heildarframleiðslu hrossakjöts í heiminum. Hvað varðar viðskipti þá er Asía lang stærsti framleiðandinn og flytur lítið inn af hrossakjöti. Innflutningur til Ameríku er hverfandi lítill en útflutningur þaðan fer að mestu leiti til Evrópu. Austur-Evrópa á síðan mikilvæg hrossakjötsviðskipti við Vestur-Evrópu.



Mynd 6. Heimsmarkaður á hrossakjöti (framleiðsla, innflutningur, útflutningur, nettó upphæð, birgðir/framleiðsla) og þrjú stærstu framleiðslulönd í hverri heimsálfu fyrir sig 2011. Vinstri ásinn táknar framleiðslu, innflutning, útflutning og nettóupphæð sem súlur í þúsundum tonna. Hægri ásinn táknar hrossakjötsframboð fyrir einstaka lönd í kg á íbúa. (Áætlað magn í tonnum = framleiðsla + útflutningur - innflutningur). (Áætlað framboð = nettó upphæð / íbúa) (Belaunzaran, o.fl., 2015).

Hvað varðar útflutning frá Íslandi, þá eins og áður kom fram selst ekki nema helmingur alls hrossakjöts sem er framleitt innanlands en hinn helmingurinn er fluttur út. Eftirspurnin er mismunandi hvað varðar gæði kjötsins og eiginleika en á töflu 4 má sjá hvert hrossakjöt hefur verið flutt út frá Íslandi árið 2017.

Tafla 4.- Útflutningur hrossakjöts á Íslandi 2017

	kg	kr	kg/kg
Danmörk	30.220	3.904.500	129
Færeyjar	77	58.573	761
Japan	12.359	15.597.224	1.262
Rússland	105.775	16.986.295	161
Sviss	57.743	53.274.538	923
Þýskaland	228.841	22.391.603	98
Alls	435.015	112.212.733	258


Hagstofa Íslands, á.á.

Greinilegt að bestu bitarnir eru að fara til Japans og Sviss. Verstu bitarnir fara til Þýskalands, Danmerkur og Rússlands en það eru einmitt þau lönd sem hvað mestur útflutningur er til á hrossakjöti. Það sést einnig á því hvaða verð fæst fyrir kjötið, hvernig bitar fara hvert.

1.7 Losun gróðurhúsalofttegunda

Það er staðreynd að búfjárstarfsemi, kjötframleiðsla og landbúnaður eiga stóran þátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hlýnun jarðar (Garnett, 2009; McMichael, Powles, Butler, & Uauy, 2007). Losunin fer fram á tvo vegu. Annars vegar með innflagerjun, og hins vegar með losun frá búfjáraburði eða úrgangi skepnanna (Jón Guðmundsson, 2016). Við innflagerjun verður til metangas sem skepnan losar sig við með prumpi og ropi á forminu CH₄. Í búfjáraburði er mikið af lífrænum efnum sem halda áfram að brotna niður eftir að skíturinn gengur úr skepnunni. Ef úrgangurinn er geymdur við loftfirrtar aðstæður myndast metan (CH₄) líkt og í meltingafærunum. Í úrgangi líkt og þvagi og skít er talsvert af köfnunarefnissamböndum sem eru orkugjafar á nýtanlegu formi fyrir örverur sem mynda hláturgas (N₂O) (Mynd 7) (Jón Guðmundsson, 2016).


Áætlað er að um 18% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda stafi af búfjárframleiðslu. Þar af eru 9% koldíoxíð (CO₂), 37% af metan (CH₄) og 65% af glaðlofti (N₂O) (Steinfeld, o.fl., 2006). Eftirspurn á kjöti er að aukast um allan heim eftir því sem íbúafjöldi verður meiri og efnahagur eykst (Belaunzaran, o.fl., 2015). Víða um heim er neysla og eftirspurn matvæla þar sem segir til um uppruna að aukast, þá helst þar sem fólk vill borða heilnæm matvæli úr héraði. Þarna er tækifæri til þess að hvetja til sjálfbærra kjötframleiðslukerfa sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið (Steinfeld, o.fl., 2006). Margar ástæður liggja þar að baki eins og til dæmis að hross losa út minna magn gróðurhúsalofttegunda á hvert kg af kjöti samanborið við jörturdýr (Steinfeld, o.fl., 2006; Crutzen, Aselmann & Seiler, 1986; Franz o.fl., 2010; Moss, Jouany & Newbold, 2000), en þau losa út hvað mest af metani út í andrúmsloftið (Lesschen, o.fl., 2011; Zervas & Tsiplakou, 2012). Hlutfallslega miðað við skrokkstærð telst metanlosun hrossa afar lítil (Crutzen, Aselmann, & Seiler, 1986; Franz et al., 2010; Moss, Jouany, & Newbold, 2000). Metan framleiðsla hrossa er um 3,5% af meltanlegum orkugjöfum en um 10-13% hjá fullorðnum jörturdýrum (Vermorel, 1997). Köfnunarefnislosun (hláturgas) frá úrgangi er minni hjá folöldum en hjá lömbum og hlutfallslega minnst af allri búfjárframleiðslu að frátöldum fuglum og minkum (Hellsing o.fl., 2016).



Mynd 7. Samantekt á losun gróðurhúsalofttegunda vegna inniflaggerjunar búfjár og meðhöndlunar búfjáraðurðar. Hæð súlnanna er í réttu hlutfalli við losun kt CO₂ ígildum á ári (Jón Guðmundsson, 2016).

Lítill losun gróðurhúsalofttegunda á hvert kg af hrossakjöti er ekki eini jákvæði umhverfispátturinn. Hún er einnig ákjósanlegur kostur við erfiðar ástæður eins og upp til fjalla á Spáni þar sem mannfjöldi er lítill sem enginn allt árið um kring en nóg af beitolandi sem ekki er nýtt til annars. Þannig er einfalt að þurfa ekki að hýsa hrossin og gefa allt árið um kring, þau lifa villt/frjáls sem gæti einnig talist til betri dýravelferðar (Belaunzaran, o.fl., 2015). Það er vissulega ekki hægt að yfirfæra slíkt kjötframleiðslukerfi beint yfir á íslenskar aðstæður þar sem yfir veturinn er lítil beit og mikið af hálendinu þétt skipað sauðfé yfir sumartímann, en vissulega væri hægt að gera samskonar útfærslu líkt og með sauðféð vegna þess hve íslenski hesturinn er harðgerður (Ingimar Sveinsson, 2010).

2. Framkvæmd



Mynd 8. Skima til útskýringar á verkferlum verkefnis.

2.1 Viðhorfs og neyslukönnun

Í þessari rannsókn var aðallega notast við megindlega rannsóknaraðferð og með henni leitast við að greina viðhorf og kauphegðun íslenskra neytenda á hrossakjöti. Lögð var fyrir spurningakönnun og markmið hennar að sjá hvaða þættir vega þyngst hvað varðar litla neyslu Íslendinga á hrossakjöti. Spurt var um neysluhegðun, hvort fólk hefði bæði smakkað og keypt hrossakjöt en einnig hversu oft þess væri neytt. Þeir sem ekki höfðu smakkað voru sérstaklega spurðir hvort þeir vildu smakka og ef ekki þá af hverju. Könnunin var samin með íslenskan markað í huga og því sigtað út í fyrstu spurningu þá sem ekki voru búsettir og höfðu lögheimili á Íslandi. Í öllum spurningum var svarmöguleiki sem annað hvort var „ég veit það ekki“ eða „ég vil ekki svara“ og þá voru slík svör ekki reiknuð með inn í ítarlegri tölfræðivinnslu til þess að koma í veg fyrir skekkju. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu smakkað hrossa- og eða folaldakjöt þar sem svarmöguleikar voru eingöngu, já eða nei. Ef viðkomandi svaraði þeirri spurningu neitandi var hann spurður hvort hann langaði til þess að smakka hrossa- og eða folaldakjöt þar sem sömu svarmöguleikar og áður voru í boði.

Þar á eftir fengu allir sem sögðust vera búsettir og með lögheimili á Íslandi spurningar um hvort þeir hafi keypt og eldað annars vegar hrossakjöt en hins vegar folaldakjöt þar sem svarmöguleikar voru aftur já eða nei.

Spurt var hvort þátttakandi sæi um matarinnkaup á sínu heimili þar sem svarmöguleikarnir voru; já nánast alltaf eða eingöngu, oftast, stundum, sjaldan og aldrei en í þeirri spurningu

voru ekki gefin sérstök gildi á skala heldur var spurningin eingöngu hugsuð til þess að greina betur virkni þátttakenda í matarinnkaupum. Þátttakendur voru spurðir um tíðni neyslu á hrossakjöti annars vegar en folaldakjöti hins vegar þar sem svarmöguleikar voru allt frá aldrei upp í 1-2 sinnum í viku en gildi á skala voru ekki gefin fyrir svarmöguleika í þeirri spurningu heldur voru svörin notuð til þess að flokka þátttakendur í hópa (oft/sjaldan) eftir neyslutíðni.

Spurt var á hvaða stöðum þátttakendur nálgast helst hrossa- og/eða folaldakjöt þar sem haka mátti við alla viðeigandi möguleika eða tilgreina annað. Dæmi um svarmöguleika voru helstu tegundir verslana, beint frá bónda, og gegnum vini/kunningja.

Spurt var um matarvenjur, matreiðsluvenjur, matreiðslufærni kaupvilja, vöruaðgengi, upplifun sýnileika vöruframboðs, uppeldi og viðhorf til hrossa- og folaldakjöts þar sem settar voru fram fullyrðingar og áttu þátttakendur þá að svara hversu sammála eða ósammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu og svörin gáfu eftirfarandi gildi á 7 punkta skala: Mjög sammála (7), sammála (6), frekar sammála (5), hvorki sammála né ósammála (4), frekar ósammála (3), ósammála (2) eða mjög ósammála (1).

Spurt var eftir vörutegundum hversu líklegt eða ólíklegt fólk taldi að það myndi kaupa eftirfarandi vöru líkt alls kyns unnar vörur eða mismunandi bita hrossa- eða folaldakjöti þar sem svarmöguleikar voru metnir á 7 punkta skala og svörin gáfu eftirfarandi gildi: Mjög líklegt (7), líklegt (6), frekar líklegt (5), hvorki líklegt né ólíklegt (4), frekar ólíklegt (3), ólíklegt (2), eða mjög ólíklegt (1).

Spurt var hversu mikil eða lítil áhrif þátttakendur teldu að ákveðnir þættir hefðu áhrif á neyslu almennings á hrossa- og/eða folaldakjöti. Dæmi um þætti voru trúarbrögð, menning og uppeldi en svörin voru metin á 7 punkta skala þar sem svarmöguleikar gáfu þessi gildi: Mikil áhrif (7) eða engin áhrif (1). Gildi milli 7 og 1 reiknuðust eftir því hvar á skalanum fólk hakaði við.

Að lokum var spurt um bakgrunnsupplýsingar á borð við kyn, fæðingarár, póstnúmer lögheimils og búsetu eftir þétt eða dreifbýli. Þátttakendur gátu svo komið skilaboðum á framfæri í gegnum auðan glugga neðst í könnuninni.

2.2 Úrtak

Lagt var upp með að reyna að ná a.m.k. 400 þátttakendum innan ákveðins tímaramma, það gekk og gott betur. Náð var til þátttakenda með því að setja upp auglýsingu í gegnum fésbókarsíðu Matís. Hún birtist tilviljanakennt hjá öllum á aldrinum 18 ára og eldri. Þannig gat fólk með því að smella á eina slóð tekið könnunina rafrænt á u.þ.b. 10 mínútum. Spurningakönnun var sett upp rafrænt með forritinu surveymonkey.com.

Alls voru 853 sem tóku þátt í könnuninni en fjöldi svara í hverri spurningu er ekki 853 í öllum tilfellum því bæði var ekki gerð krafa um að öllum spurningum skyldi svara til þess að senda inn könnunina og fyrsta spurningin um hvort viðkomandi væri með búsetu og lögheimili á Íslandi var líka ákveðin síá því ef henni var svarað neitandi þá fengu þátttakendur ekki fleiri spurningar.

2.3 Tölfræðiúrvinnsla

Öll gagnaúrvinnsla fór fram í Microsoft Excel. Settar voru upp töflur sem sýndu dreifingu, vegið meðaltal og staðalfrávik. Þá voru gögnin greind frekar eftir bakgrunnsbreytum þar sem staðalfrávik voru sem mest. Svör þátttakanda um hvar þeir versla, uppeldi, venjur, aðgengi og úrval voru greind sérstaklega eftir neyslutíðni. Svör þátttakenda hvað varðar aðgengi, úrval og vörukaup voru greind sérstaklega eftir búsetu, þá bæði landsvæðum og hvort fólk bjó í þéttbýli eða dreifbýli. Svör þátttakenda um uppeldi, venjur, viðhorf, gæðaupplifun, kaupvilja, aðgengi og úrval voru greind sérstaklega eftir aldri. Svör þátttakenda voru ekki greind sérstaklega eftir kyni heldur voru þær bakgrunnsspurningar eingöngu til þess að sjá hvort kynjahlutföll þátttakenda væru örugglega nokkuð jöfn. Þá voru einnig gerð t-próf (*t-Test: Two sample Assuming Unequal Variances*) til þess að finna út p-gildi sem segir til um marktækan mun milli hópa, en munur taldist marktækur ef $p < 0,05$ Í frekari tölfræðigreiningu gagnanna var þýði útreikninga skipt upp í hópa “Oft” og “Sjaldan” eftir neyslutíðni.

Hópur Oft: *Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt tvisvar sinnum í mánuði eða oftar*

Hópur Sjaldan: *Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt einu sinni í mánuði eða sjaldnar*

Þetta var gert til þess að sjá mun á viðhorfi og kauphegðun þeirra sem alla jafna borðuðu hrossa- og/eða folaldakjöt og þeirra sem borða það sjaldan eða aldrei.

Í öllum hópaútreikningum voru niðurstöður reiknaðar sérstaklega fyrir hverja spurningu eftir annars vegar neyslu á folaldakjöti en hins vegar neyslu á hrossakjöti vegna þess að neysla hvoru tveggja gat verið mjög mismunandi eftir einstaklingum.

3. Niðurstöður

Í niðurstöðukafla er farið yfir niðurstöður spurningakönnunarinnar bæði á almennum nótum en einnig eftir frekari greiningu bakgrunnsbreyta.

Alla jafna eru fyrst settar fram niðurstöður þvert á allt þýði fyrir 3-4 spurningar í senn, næst eru sömu niðurstöður skoðaðar aftur eftir bakgrunnsbreytum, þá fyrst aldri, síðan neyslutíðni og að lokum búsetu ef slíkt á við.

3.1 Svörun

Tafla 6. Aldur og búseta þátttakenda samanborið við landsmenn (Hagstofa Íslands, á.áb).

<i>Fæðingarár</i>	<i>Aldursbil</i>	<i>Þátttakendur</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi íbúa 2018</i>	<i>%</i>
<i>2001-1994</i>	<i>18-24</i>	<i>24</i>	<i>3,4%</i>	<i>34.670</i>	<i>13,2%</i>
<i>1993-1984</i>	<i>25-34</i>	<i>109</i>	<i>15,6%</i>	<i>52.491</i>	<i>20,1%</i>
<i>1983-1974</i>	<i>35-44</i>	<i>136</i>	<i>19,4%</i>	<i>47.217</i>	<i>18,0%</i>
<i>1973-1964</i>	<i>45-54</i>	<i>166</i>	<i>23,7%</i>	<i>43.823</i>	<i>16,7%</i>
<i>1963-1954</i>	<i>55-64</i>	<i>159</i>	<i>22,7%</i>	<i>40.883</i>	<i>15,6%</i>
<i>1953-1944</i>	<i>65-74</i>	<i>91</i>	<i>13,0%</i>	<i>28.393</i>	<i>10,8%</i>
<i>1943-1934</i>	<i>75-84</i>	<i>15</i>	<i>2,1%</i>	<i>14.295</i>	<i>5,5%</i>
<i>Alls 18-84 ára</i>		<i>700</i>	<i>100%</i>	<i>261.772</i>	<i>100%</i>
<i>Svæði</i>					
<i>Höfuðborgarsvæðið</i>		<i>337</i>	<i>47,9%</i>	<i>167.462</i>	<i>64,0%</i>
<i>Suðurnes</i>		<i>24</i>	<i>3,4%</i>	<i>19.241</i>	<i>7,4%</i>
<i>Vesturland</i>		<i>69</i>	<i>9,8%</i>	<i>12.071</i>	<i>4,6%</i>
<i>Vestfirðir</i>		<i>16</i>	<i>2,3%</i>	<i>5.297</i>	<i>2,0%</i>
<i>Norðurland vestra</i>		<i>52</i>	<i>7,4%</i>	<i>5.356</i>	<i>2,0%</i>
<i>Norðurland eystra</i>		<i>78</i>	<i>11,1%</i>	<i>22.777</i>	<i>8,7%</i>
<i>Austurland</i>		<i>34</i>	<i>4,8%</i>	<i>9.549</i>	<i>3,6%</i>
<i>Suðurland</i>		<i>93</i>	<i>13,2%</i>	<i>20.019</i>	<i>7,6%</i>
<i>Alls 18-84 ára</i>		<i>703</i>	<i>100%</i>	<i>261.772</i>	<i>100%</i>

Svörun er nokkuð góð samanborið við alla landsmenn. Það hefði mátt vera hærra svarhlutfall hjá yngstu aldurshópunum og þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

3.2 Neysla, innkaup og matreiðsla hrossa- og/eða folaldakjöts

Tafla 7. Sérð þú um matarinnkaup á þínu heimili? (Svarhlutfall allra þátttakenda n=853)

<i>Já nánast alltaf eða eingöngu</i>	39,2%
<i>Oftast</i>	30,5%
<i>Stundum</i>	24,4%
<i>Sjaldan</i>	4,7%
<i>Aldrei</i>	1,2%

Tafla 8. Hefur þú smakkað hrossa- og/eða folaldakjöt? (Svarhlutfall allra þátttakenda n=841)

<i>Já</i>	96%
<i>Nei</i>	2,7%
<i>Veit ekki</i>	0,8%
<i>Vil ekki svara</i>	0,5%

Tafla 9. Þeir sem svöruðu nei, veit ekki eða vil ekki svara (n=34) fengu spurninguna: Langar þig að smakka hrossa- og/eða folaldakjöt? (Svarhlutfall þeirra 34 sem svöruðu)

<i>Já</i>	5,9%
<i>Nei</i>	88,2%
<i>Veit það ekki</i>	5,9%


Af þeim 27 einstaklingum sem sögðust ekki vilja smakka hrossa- og/eða folaldakjöt sögðu þeir ástæðuna vera að þeim þætti kjöt annað hvort ekki bragðgott eða af siðferðislegum ástæðum. Lítil hluti hópsins sagði að hrossakjötsát væri líkt og að borða hundinn sinn.

Tafla 10. Hefur þú keypt hrossakjöt? (Svarhlutfall allra þátttakenda n=823)

<i>Já</i>	63,9%
<i>Nei</i>	32,4%
<i>Veit ekki/vil ekki svara</i>	3,7%

Tafla 11. Hefur þú keypt folaldakjöt? (Svarhlutfall allra þátttakenda n=824)

<i>Já</i>	78,9%
<i>Nei</i>	20,6%
<i>Veit ekki/vil ekki svara</i>	0,49%



Mynd 9. Hversu oft að jafnaði neytir þú hrossakjöts og hversu oft að jafnaði neytir þú folaldakjöts? (Svarhlutfall allra þátttakenda) (n=824)

Hér er lítill munur milli hrossakjöts og folaldakjöts. Flestir borða folalda- og/eða hrossakjöt sjaldnar en einu sinni í mánuði og munar tæplega prósentu milli tegunda. Helst er að sjá mun milli þeirra sem neyta hrossa- og folaldakjöts oftari en 3 sinnum í mánuði.

3.3 Neysla og kauphegðun

Tafla 12. Á hverjum af eftirtöldum stöðum nálgast þú helst hrossa- og/eða folaldakjöt til eigin neyslu? (Hér mátti merkja við fleiri en einn valmöguleika. (Svarhlutfall allra þátttakenda n=790)


Í matvörubúð frosið	13,92%
Í matvörubúð í kæli	49,87%
Í matvörubúð úr kjötbörði	21,65%
Í sérvorslun með kjöti	9,62%
Hjá nákomnum ættingja, kunningja eða vini	<u>23,16%</u>
Ég eða einhver nákominn nálgast það sjálf/ur (t.d. heimaslátrun)	<u>22,78%</u>
Kaupi beint af býli/bónda (eða fæ gefins)	<u>23,67%</u>
Utan heimilis, t.d. í mótuneytum, og/eða á veitingastöðum	16,20%
Hef aldrei keypt eða fengið hrossa- og/eða folaldakjöt	10,25%

Tafla 12 sýnir hvar allir þátttakendur í könnunarinnar nálgast hrossakjöt. Áberandi mestur hluti fólks nálgast hrossa- og/eða folaldakjöt úr kæli í matvörubúð eða rétt tæplega 50%. Næst algengast er að fólk verði sér út um hrossa- og/eða folaldakjöt hjá nákomnum ættingja, kunningja eða vini, slátri sjálft eða kaupi beint frá bónda/býli. Áberandi fæstir eða ekki nema 9,6% nálgast helst hrossakjöt í sérvorslun með kjöti.


Tafla 13. Á hverjum af eftirtöldum stöðum nálgast þú helst hrossa- og/eða folaldakjöt til eigin neyslu? (Hér mátti merkja við fleiri en einn valmöguleika.) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=790)

	HROSSAKJÖT			FOLALDAKJÖT		
	Hópur sjaldan	Hópur oft	Alls	Hópur sjaldan	Hópur oft	Alls
(N)Fjöldi	618	179	797	575	237	812
Í matvörubúð frosið	13%	16%	14%	12%	16%	13%
Í matvörubúð í kæli	45%	56%	48%	46%	51%	48%
Í matvörubúð úr kjötbörði	19%	21%	20%	20%	21%	20%
Í sérvorslun með kjöti	9%	12%	10%	10%	9%	9%
Hjá nákomnum ættingja, kunningja eða vini	22%	24%	23%	20%	28%	22%
Ég eða einhver nákominn nálgast það sjálf/ur (t.d. heimaslátrun)	<u>17%</u>	<u>44%</u>	23%	<u>16%</u>	<u>39%</u>	23%
Utan heimilis, s.s í mótuneytum, og/eða á veitingastöðum	15%	14%	15%	15%	16%	15%
Kaupi beint af býli/bónda (eða fæ gefins)	<u>21%</u>	<u>32%</u>	23%	<u>18%</u>	<u>36%</u>	23%

Ef kauphegðun eftir því hvar hóparnir nálgast kjötið er skoðuð nánar, er mikill munur á þeim sem borða hrossa- og/eða folaldakjöt sjaldan eða aldrei og þeim sem neyta þess í einhverjum mæli. Sjá einnig annars konar hópaskiptingu í viðauka.



Mynd 10. Á hverjum af eftirtöldum stöðum nálgast þú helst folaldakjöt til eigin neyslu? (Hér mátti merkja við fleiri en einn valmöguleika) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. **Hópur oft:** Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. **Hópur sjaldan:** Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=790)



Mynd 11. Á hverjum af eftirtöldum stöðum nálgast þú helst hrossakjöt til eigin neyslu? (Hér mátti merkja við fleiri en einn valmöguleika) Svarhlutfall allra þátttakenda (n=790) greint eftir neyslutíðni. **Hópur Oft:** Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. **Hópur Sjaldan:** Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar.

3.4 Venjur og viðhorf tengd hrossa- og/eða folaldakjöti

Tafla 54. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7? (Uppeldi og venjur) (svarhlutfall allra þátttakenda) (n=732)

	Vegið meðaltal	staðalfrávik
Það er hluti af mínum matarvenjum að borða hrossakjöt	4,59	1,49
Ég er vön/vanur því að matreiða hrossakjöt	4,44	1,44
Ég var alin/nn upp við að borða hrossakjöt á mínu heimili þegar ég var krakki	4,98	1,62
	Vegið meðaltal	staðalfrávik
Það er hluti af mínum matarvenjum að borða folaldakjöt	4,75	1,54
Ég er vön/vanur því að matreiða folaldakjöt	4,66	1,51
Ég var alin/nn upp við að borða folaldakjöt á mínu heimili þegar ég var krakki	4,49	1,46

Hér er ekki marktækur munur milli hrossa- og folaldakjöts en ætla má miðað við þessar niðurstöður að stærstur hluti þýðis hafi alist upp við að borða hrossakjöt og folaldakjöt að einhverju leyti og gerir enn. Einnig virðast fáir eiga í vandræðum með matreiðslu á kjötinu hér þegar vegið meðaltal er skoðað þvert á allt þýði.

Tafla 15. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7? (Uppeldi og venjur) (svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir aldri) (n=698)

Aldursbil	Það er hluti af mínum matarvenjum að borða hrossakjöt	Ég er vön/vanur því að matreiða hrossakjöt	Ég var alin/nn upp við að borða hrossakjöt á mínu heimili þegar ég var krakki
18-24 (N 24)	6,00	5,88	5,92
staðalfrávik	1,61	1,79	1,87
25-34 (N 109)	5,03	4,90	5,27
staðalfrávik	2,21	2,21	2,22
35-44 (N 136)	5,33	5,09	5,51
staðalfrávik	2,01	2,11	2,03
45-54 (N 166)	4,44	4,33	4,81
staðalfrávik	2,28	2,34	2,41
55-64 (N 159)	4,28	4,18	4,78
staðalfrávik	2,25	2,27	2,33
65-74 (N 91)	3,46	3,31	4,22
staðalfrávik	2,30	2,36	2,46
75-84 (N 15)	4,00	4,00	4,71
staðalfrávik	2,58	2,31	2,23
Allir (N 700)	4,59	4,45	4,97
staðalfrávik	2,28	2,32	2,31
Aldursbil	Það er hluti af mínum matarvenjum að borða folaldakjöt	Ég er vön/vanur því að matreiða folaldakjöt	Ég var alin/nn upp við að borða folaldakjöt á mínu heimili þegar ég var krakki
18-24 (N 24)	6,36	6,28	5,32
staðalfrávik	1,11	1,31	1,91
25-34 (N 109)	4,89	4,74	4,55
staðalfrávik	2,21	2,21	2,34
35-44 (N 136)	5,37	5,32	4,72
staðalfrávik	1,95	1,99	2,19
45-54 (N 166)	4,75	4,62	4,55
staðalfrávik	2,28	2,27	2,32
55-64 (N 159)	4,55	4,52	4,34
staðalfrávik	2,27	2,28	2,36
65-74 (N 91)	3,72	3,58	3,94
staðalfrávik	2,36	2,39	2,32
75-84 (N 15)	4,07	4,07	4,64
staðalfrávik	2,53	2,27	2,21
Allir (N 700)	4,76	4,67	4,49
staðalfrávik	2,26	2,27	2,30
p-gildi	0,0845	0,0369	<0,0001
Marktækur munur milli folaldakjöts annars vegar en hrossakjöts hins vegar.	nei	já	já

Hvað varðar matarvenjur virðist ekki vera munur á milli hrossa- og folaldakjöts en marktækur munur mældist á svörum þátttakenda hvað varðar matreiðsluvenjur og uppeldi þó svo að meðaltal beggja hópa hefði verið þónokkuð líkt. Merkilegt er að sjá hvað meðaltalið verður hærra upp til hópa eftir því sem hóparnir verða yngri. Miðað við 2% neyslu hrossa- og folaldakjöts á landinu er sérstakt að meðaltal skuli vera um 5 af 7 punkta skala þar sem fólk

segir neysla þess vera hluti af sínum matarvenjum. Þetta gæti verið vísbending þess að 2% sé ekki raunveruleg mynd af hrossakjötsneyslu Íslendinga.

Tafla 16. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7= mjög sammála)? (Uppeldi og venjur) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=698)

	Hversu oft að jafnaði neytir þú hrossakjöts (dýr eldra en 6 ára)?	Það er hluti af mínum matarvenjum að borða hrossakjöt	Ég er vön/vanur því að matreiða hrossakjöt	Ég var alin/nn upp við að borða hrossakjöt á mínu heimili þegar ég var krakki
Meðaltal	Oft	6,24	6,17	6,06
Staðalfrávik	Oft	1,33	1,37	1,67
Fjöldi (N)	Oft	182	181	182
Meðaltal	Sjaldan	4,03	3,86	4,62
Staðalfrávik	Sjaldan	2,27	2,29	2,37
Fjöldi (N)	Sjaldan	542	540	541
p-gildi		<0,0001	<0,0001	<0,0001
Marktækur munur milli oft og sjaldan		Já	Já	já

Tafla 17. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7= mjög sammála)? (Uppeldi og venjur) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=698)

	Hversu oft að jafnaði neytir þú folaldakjöts?	Það er hluti af mínum matarvenjum að borða folaldakjöt	Ég er vön/vanur því að matreiða folaldakjöt	Ég var alin/nn upp við að borða folaldakjöt á mínu heimili þegar ég var krakki
Meðaltal	Oft	6,41	6,33	5,32
Staðalfrávik	Oft	1,15	1,24	2,09
Fjöldi (N)	Oft	219	218	218
Meðaltal	Sjaldan	4,04	3,94	4,14
Staðalfrávik	Sjaldan	2,25	2,24	2,29
Fjöldi (N)	Sjaldan	508	508	506
p-gildi		<0,0001	<0,0001	<0,0001
Marktækur munur milli oft og sjaldan		Já	já	já

Ef þátttakendum er skipt upp eftir neyslutíðni sjást eðlilega hærra gildi hjá hópi „oft“ og þar mælist mjög mikill marktækur munur milli hópa í öllum spurningum hvað varðar uppeldi og venjur, bæði hvað varðar hrossa- og folaldakjöt.

Tafla 18. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum á skalanum 1-7? (Gæði) (Svarhlutfall allra þátttakenda). (n=731)

	Vegið meðaltal	staðalfrávik
Ég tel að hrossakjöt sé af lakari gæðum en annað rautt kjöt (t.d. nautakjöt)	2,29	0,73
Ég tel að íslenskt hrossakjöt sé laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf	5,98	1,96
Ég hef áhyggjur af aðskotaefnum og hreinleika fæðu í hrossakjöti	2,01	0,65
Ég tel að íslenskt hrossakjöt sé umhverfisvæn vara	5,71	1,87
	Vegið meðaltal	staðalfrávik
Ég tel að folaldakjöt sé af lakari gæðum en annað rautt kjöt (t.d. nautakjöt)	1,8	0,59
Ég tel að íslenskt folaldakjöt sé laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf	5,98	1,96
Ég hef áhyggjur af aðskotaefnum og hreinleika fæðu í folaldakjöti	1,92	0,62
Ég tel að íslenskt folaldakjöt sé umhverfisvæn vara	5,81	1,90

Niðurstöður hvað varðar upplifun á gæðum hrossa- og folaldakjöts verða að teljast jákvæðar. Fólk hefur almennt ekki áhyggjur af skaðlegum eiturefnum eða aðskotaefnum í hrossa- og folaldakjöti og stærstur hluti telur vöruna umhverfisvæna. Fólki finnst upp til hópa folalda- og hrossakjöt ekki vera af lakari gæðum en annað rautt kjöt en þó er munur milli hrossa- og folaldakjöts þar sem fólk virðist upplifa folaldakjötið örlítið gæðameira.

Tafla 19. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum á skalanum 1-7? (Gæði) (Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir aldri) (n=698)

Aldursbil	Ég tel að hrossakjöt sé af lakari gæðum en annað rautt kjöt (t.d. nautakjöt)	Ég tel að íslenskt hrossakjöt sé laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf	Ég hef áhyggjur af aðskotaefnum og hreinleika fæðu í hrossakjöti	Ég tel að íslenskt hrossakjöt sé umhverfisvæn vara
18-24 (N 24)	1,71	6,63	1,56	6,33
staðalfrávik	0,95	0,77	1,16	1,05
25-34 (N 109)	1,96	6,15	1,99	5,96
staðalfrávik	1,46	1,42	1,67	1,51
35-44 (N 136)	2,12	6,28	1,86	6,09
staðalfrávik	1,56	1,18	1,25	1,36
45-54 (N 166)	2,32	6,04	2,09	5,77
staðalfrávik	1,57	1,39	1,52	1,69
55-64 (N 159)	2,52	5,72	2,07	5,49
staðalfrávik	1,85	1,41	1,25	1,64
65-74 (N 91)	2,64	5,51	2,06	4,95
staðalfrávik	1,72	1,46	1,41	1,89
75-84 (N 15)	2,36	5,18	2,33	5,08
staðalfrávik	1,96	1,66	1,44	2,15
Allir (N 700)	2,29	5,98	2,01	5,71
staðalfrávik	1,64	1,38	1,41	1,64
Aldursbil	Ég tel að folaldakjöt sé af lakari gæðum en annað rautt kjöt (t.d. nautakjöt)	Ég tel að íslenskt folaldakjöt sé laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf	Ég hef áhyggjur af aðskotaefnum og hreinleika fæðu í folaldakjöti	Ég tel að íslenskt folaldakjöt sé umhverfisvæn vara
18-24 (N 24)	1,40	6,56	1,46	6,38
staðalfrávik	0,87	0,87	1,18	0,97
25-34 (N 109)	1,69	6,14	1,90	6,05
staðalfrávik	1,34	1,55	1,66	1,55
35-44 (N 136)	1,60	6,21	1,66	6,21
staðalfrávik	1,28	1,37	1,23	1,30
45-54 (N 166)	1,79	6,03	1,97	5,92
staðalfrávik	1,31	1,56	1,53	1,71
55-64 (N 159)	1,96	5,74	2,11	5,48
staðalfrávik	1,51	1,55	1,43	1,77
65-74 (N 91)	2,18	5,56	2,02	5,05
staðalfrávik	1,53	1,61	1,41	1,92
75-84 (N 15)	1,75	5,30	2,33	5,08
staðalfrávik	1,71	1,83	1,44	2,15
Allir (N 700)	1,81	5,98	1,93	5,80
staðalfrávik	1,39	1,52	1,45	1,68
p-gildi	<0,0001	0,4620	0,1585	0,1731
Marktækur munur milli folaldakjöts annars vegar en hrossakjöts hins vegar.	já	nei	nei	nei

Það er eins með niðurstöður kjötgæða og öryggis fæðu að yngra fólkið virðist vera upp til hópa jákvæðara fyrir hrossa- og folaldakjötinu. Til dæmis eru nánast allir á aldrinum 18-54 ára sammála því að kjötið er laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf. Í þeim aldurshópum var meðaltalið 6 eða hærra. Í hinum hópunum var það örlítið lægra en þó ekki svo að meðaltal allra hópa er 5,98 sem er mjög jákvætt!

Tafla 20. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7= mjög sammála)? (Uppeldi og venjur) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=698)

	Hversu oft að jafnaði neytir þú hrossakjöts (dýr eldra en 6 ára)?	Ég tel að hrossakjöt sé af lakari gæðum en annað rautt kjöt (t.d. nautakjöt)	Ég tel að íslenskt hrossakjöt sé laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf	Ég hef áhyggjur af aðskotaefnum og hreinleika fæðu í hrossakjöti	Ég tel að íslenskt hrossakjöt sé umhverfisvæn vara
Meðaltal	Oft	1,51	6,51	1,75	6,50
Staðalfrávik	Oft	0,95	0,97	1,36	1,03
Fjöldi (N)	Oft	181	174	175	175
Meðaltal	Sjaldan	2,56	5,80	2,10	5,44
Staðalfrávik	Sjaldan	1,75	1,45	1,41	1,74
Fjöldi (N)	Sjaldan	510	495	513	508
p-gildi		<0,0001	<0,0001	0,0032	<0,0001
Marktækur munur milli oft og sjaldan		Já	Já	Já	Já

Tafla 21. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7= mjög sammála)? (Uppeldi og venjur) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=698)

	Hversu oft að jafnaði neytir þú folaldakjöts?	Ég tel að folaldakjöt sé af lakari gæðum en annað rautt kjöt (t.d. nautakjöt)	Ég tel að íslenskt folaldakjöt sé laust við skaðleg eiturefni og sýklalyf	Ég hef áhyggjur af aðskotaefnum og hreinleika fæðu í folaldakjöti	Ég tel að íslenskt folaldakjöt sé umhverfisvæn vara
Meðaltal	Oft	1,21	6,43	1,67	6,38
Staðalfrávik	Oft	0,58	1,28	1,45	1,34
Fjöldi (N)	Oft	219	215	211	214
Meðaltal	Sjaldan	2,08	5,77	2,03	5,55
Staðalfrávik	Sjaldan	1,55	1,57	1,42	1,75
Fjöldi (N)	Sjaldan	476	459	480	474
p-gildi		<0,0001	<0,0001	0,0015	<0,0001
Marktækur munur milli oft og sjaldan		Já	Já	Já	Já

Á töflu 20 og 21 þar sem þátttakendum var skipt upp í hópa eftir neyslutíðni sést að eðlilega eru þeir sem neyta hrossa- og folaldakjöts í meiri mæli jákvæðari en þeir sem neyta þess sjaldnar.

Tafla 22. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum á skalanum 1-7? (svarhlutfall allra þátttakenda) (verð og aðgengi) (n=698)

	Vegið meðaltal	staðalfrávik
Ég myndi kaupa meira af hrossakjöti ef það væri ódýrara	3,95	1,28
Mér finnst aðgengi og úrval af hrossakjöti nálægt mínu heimili vera gott	3,43	1,10
Ég tel líklegt að ég myndi kaupa meira af hrossakjöti ef það væri aðgengilegra nálægt mínu heimili	4,36	1,41
Ég er fær um að matreiða margar mismunandi máltíðir úr hrossakjöti	4,8	1,56
Mér finnst hrossakjöt lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni	5,32	1,73
	Vegið meðaltal	staðalfrávik
Ég myndi kaupa meira af folaldakjöti ef það væri ódýrara	4,33	1,40
Mér finnst aðgengi og úrval af folaldakjöti nálægt mínu heimili vera gott	3,41	1,10
Ég tel líklegt að ég myndi kaupa meira af folaldakjöti ef það væri aðgengilegra nálægt mínu heimili	4,65	1,51
Ég er fær um að matreiða margar mismunandi máltíðir úr folaldakjöti	5,09	1,66
Mér finnst folaldakjöt vera lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni	5,19	1,69

Hér sést ekki áberandi munur milli folalda- og hrossakjöts en þó virðist fólk örlítið líklegra til þess að kaupa meira folaldakjöt ef það væri ódýrara og telur sig eiga auðveldara með að matreiða úr folaldakjötinu frekar en hrossakjötinu. Þetta er samt sem áður mjög lítill munur.

Flestum finnst greinilega hrossa og folaldakjöt vera lítið áberandi þar sem þeir versla og segjast aldrei taka sérstaklega eftir vörinni. Þar liggja skýr skilaboð um að það þurfi að gera kjötið meira áberandi. Annars er tæplega marktækt að draga ályktun um það af þessu hvort aðgengi og úrval nálægt heimili sé gott.

Tafla 23. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum á skalanum 1-7? (svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir aldri) (verð og aðgengi) (n=698)

Aldursbil	Ég myndi kaupa meira af hrossakjöti ef það væri ódýrara	Mér finnst aðgengi og úrval af hrossakjöti nálægt mínu heimili vera gott	Ég tel líklegt að ég myndi kaupa meira af hrossakjöti ef það væri aðgengilegra nálægt mínu heimili	Ég er fær um að matreiða margar mismunandi máltíðir úr hrossakjöti	Mér finnst hrossakjöt lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni
18-24 (N 24)	3,96	3,29	5,08	5,52	5,76
staðalfrávik	2,15	1,76	1,69	1,87	1,13
25-34 (N 109)	4,28	3,61	4,75	5,09	5,17
staðalfrávik	1,96	1,95	1,95	1,98	1,69
35-44 (N 136)	4,23	3,91	4,46	5,25	5,18
staðalfrávik	1,79	1,90	1,87	1,90	1,66
45-54 (N 166)	4,06	3,14	4,55	4,80	5,53
staðalfrávik	1,95	1,54	2,00	2,07	1,37
55-64 (N 159)	3,79	3,21	4,22	4,61	5,23
staðalfrávik	1,88	1,51	2,08	2,00	1,35
65-74 (N 91)	3,22	3,18	3,48	3,93	5,35
staðalfrávik	2,04	1,50	2,31	2,24	1,58
75-84 (N 15)	3,50	3,50	4,07	4,00	4,92
staðalfrávik	2,35	1,78	2,20	2,18	1,68
Allir (N 700)	3,94	3,41	4,36	4,79	5,31
staðalfrávik	1,95	1,72	2,05	2,06	1,51
Aldursbil	Ég myndi kaupa meira af folaldakjöti ef það væri ódýrara	Mér finnst aðgengi og úrval af folaldakjöti nálægt mínu heimili vera gott	Ég tel líklegt að ég myndi kaupa meira af folaldakjöti ef það væri aðgengilegra nálægt mínu heimili	Ég er fær um að matreiða margar mismunandi máltíðir úr folaldakjöti	Mér finnst folaldakjöt vera lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni
18-24 (N 24)	4,16	2,96	5,28	5,92	5,36
staðalfrávik	2,17	1,65	1,72	1,73	1,41
25-34 (N 109)	4,52	3,26	4,95	5,24	5,19
staðalfrávik	2,06	1,81	1,96	1,82	1,67
35-44 (N 136)	4,66	3,87	4,73	5,53	4,86
staðalfrávik	1,92	1,78	1,73	1,76	1,75
45-54 (N 166)	4,49	3,15	4,83	5,14	5,38
staðalfrávik	2,11	1,56	2,04	2,00	1,42
55-64 (N 159)	4,41	3,39	4,64	4,90	5,15
staðalfrávik	2,09	1,60	2,09	2,04	1,48
65-74 (N 91)	3,39	3,34	3,79	4,31	5,24
staðalfrávik	2,03	1,55	2,28	2,21	1,43
75-84 (N 15)	3,93	3,25	4,21	3,92	4,75
staðalfrávik	2,56	1,22	2,29	2,36	1,71
Allir (N 700)	4,34	3,39	4,66	5,08	5,16
staðalfrávik	2,09	1,67	2,03	2,00	1,56
p-gildi	0,0001	0,4031	0,0042	0,0052	0,0441
Marktækur munur milli folaldakjöts annars vegar en hrossakjöts hins vegar.	já	nei	já	já	já

Hér er merkilegt að sjá mismun milli aldurshópa í spurningunni um hvort viðkomandi er fær að matreiða margar mismunandi máltíðir úr hrossa- eða folaldakjöti. Áberandi er hvað elsti aldurshópurinn telur sig minnst færan í matreiðslu folaldakjöts en þekking á matreiðslu hrossa- og folaldakjöts vex greinilega eftir því sem aldurshóparnir eru yngri. Þetta kann að vera

vegna þess að eldra fólkið þekkir hrossa- og folaldakjötið helst sem reykt eða salt meðan yngra fólkið er sennilega ekki með eins fastar hefðir hvað þetta varðar.

Tafla 24. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7= mjög sammála)? (Aðgengi og úrval) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=698)

	Hversu oft að jafnaði neytir þú hrossakjöts (dýr eldra en 6 ára)?	Ég myndi kaupa meira af hrossakjöti ef það væri ódýrara	Mér finnst aðgengi og úrval af hrossakjöti nálægt mínu heimili vera gott	Ég tel líklegt að ég myndi kaupa meira af hrossakjöti ef það væri aðgengilegra nálægt mínu heimili	Ég er fær um að matreiða margar mismunandi máltíðir úr hrossakjöti	Mér finnst hrossakjöt lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni
Meðaltal	Oft	4,64	3,86	5,36	6,05	5,40
Staðalfrávik	Oft	1,76	1,86	1,54	1,30	1,49
Fjöldi (N)	Oft	176	177	175	180	184
Meðaltal	Sjaldan	3,71	3,26	4,03	4,36	5,29
Staðalfrávik	Sjaldan	1,97	1,65	2,11	2,11	1,50
Fjöldi (N)	Sjaldan	526	467	519	519	515
p-gildi Marktækur munur milli oft og sjaldan		<0,0001 já	3,7842 nei	8,9410 nei	12,6416 nei	0,8634 nei

Hér er aftur augljóst að þó að viðkomandi hópur kaupir og borðir hrossakjöt „oft“ þá finnst honum sýnileiki þess og aðgengi samt jafn lélegt og þeim hópi „sjaldan“ sem neytir þess lítið sem ekkert.

Tafla 25. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7= mjög sammála)? (aðgengi og úrval) Svarhlutfall allra þátttakenda greint eftir neyslutíðni. Hópur oft: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar. Hópur sjaldan: Borðar hrossa- og/eða folaldakjöt 1 sinni í mánuði eða sjaldnar. (n=698)

	Hversu oft að jafnaði neytir þú folaldakjöts?	Ég myndi kaupa meira af folaldakjöti ef það væri ódýrara	Mér finnst aðgengi og úrval af folaldakjöti nálægt mínu heimili vera gott	Ég tel líklegt að ég myndi kaupa meira af folaldakjöti ef það væri aðgengilegra nálægt mínu heimili	Ég er fær um að matreiða margar mismunandi máltíðir úr folaldakjöti	Mér finnst folaldakjöt vera lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni
Meðaltal	Oft	5,04	3,74	5,39	6,19	5,14
Staðalfrávik	Oft	1,89	1,79	1,59	1,22	1,53
Fjöldi (N)	Oft	213	211	209	213	216
Meðaltal	Sjaldan	4,01	3,25	4,34	4,60	5,21
Staðalfrávik	Sjaldan	2,13	1,60	2,13	2,09	1,56
Fjöldi (N)	Sjaldan	487	440	486	481	466
p-gildi Marktækur munur milli oft og sjaldan		<0,0001 já	0,0004 Já	<0,0001 já	<0,0001 já	0,3110 nei

Hér mælist marktækur munur í öllum spurningum milli hópa nema einni. Það skiptir engu hvort þú neytir folaldakjöts oft, sjaldan, aldrei eða hvað, kjötið er lítið áberandi og fólk tekur ekki eftir vörðunni ef hún er þá í boði yfir höfuð!

Tafla 26. Sýnileiki í verslun greint eftir búsetu. "Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum á skalanum 1-7 (1= mjög ósammála og 7 = mjög sammála)? (n=698)

Búseta	Mér finnst hrossakjöt lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni	Mér finnst folaldakjöt vera lítið áberandi vara þar sem ég versla og tek aldrei eftir henni
	Vegið meðaltal	Vegið meðaltal
Höfuðborgarsvæðið	5,33	5,16
Suðurnes	5,00	5,13
Vesturland	5,58	5,60
Vestfirðir	5,38	5,33
Norðurland-Vestra	5,27	4,60
Norðurland-Eystra	5,12	5,00
Austurland	5,26	5,48
Suðurland	5,23	5,13
Þéttbýli	5,31	5,13
Dreifbýli	5,24	5,29

Það skiptir greinilega engu máli hvar þú ert á landinu hvort hrossa- og eða folaldakjöt er sýnilegt nema mögulega ef þú værir á Norðurlandi-Vestra, þá gætir þú séð agnarlítið meira af því en annarstaðar. Annars er dreifingin mjög jöfn. Það fer heldur ekki á milli mála að meðaltal yfir 5 á 7 punkta skala gefur skýr skilaboð: varan er lítið áberandi og það vantar greinilega upp á sýnileika og framsetningu ef varan er þá yfir höfuð aðgengileg.

Tafla 27. Hversu mikil eða lítil áhrif á skalanum 1-7 telur þú að eftirfarandi þættir hafi áhrif á neyslu almennings á hrossa- og/eða folaldakjöti?(svarhlutfall allra þátttakenda) (n=728)

	Vegið meðaltal	Staðalfrávik
Trúarbrögð	2,92	0,10
Menning	5,49	0,12
Uppeldi	6,27	0,21
Aðgengi/framboð/sýnileiki í verslun	5,59	0,12
Verð	4,97	0,08
Venjur	6,28	0,20
Þekking á vöru	5,97	0,16
Þekking á meðferð og matreiðslu	5,74	0,14

Flestir telja að allir þættir hafi mikil áhrif nema helst trúarbrögð sem margir telja þó hafa áhrif að einhverju leiti. Áberandi mestu áhrif eru venjur og uppeldi en trúarbrögð er það sem fólk telur hafa áberandi minnst áhrif.

Frá mestum áhrifum til minnstra áhrifa:

Venjur → uppeldi → þekking á vöru → þekking á meðferð og matreiðslu → aðgengi/framboð/sýnileiki í verslun → menning → verð → trúarbrögð.

Hér er sérstakt að sjá verð vera í næst síðasta sæti yfir þá hluti sem fólk telur hafa mest áhrif á neyslu en það gæti stafað af þeirri ástæðu að hrossa- og/eða folaldakjöt getur ekki talist dýrt samanborið við annað rautt kjöt á markaðnum. Hér er greinilegt tækifæri í aukinni þekkingu á vöru, meðferð og matreiðslu.

3.5 Vörur úr hrossa- og/eða folaldakjöti

Tafla 28. Hversu líklegt eða ólíklegt á skalanum 1-7 er að þú myndir kaupa eftirfarandi vöru? (Svarhlutfall allra þátttakenda) (n=729)

	Vegið meðaltal	Staðalfrávik
Reykt og/eða saltað hrossakjöt	4,52	0,11
Hrossabjúgu	4,31	0,09
Hrossasteikur	<u>4,93</u>	0,11
Hrossahakk	3,82	0,05
Hrossagúllas	4,5	0,07
Hrossasnitset	4,47	0,07
Grafið eða reykt (hrátt) hrossakjöt	3,77	0,06
	Vegið meðaltal	Staðalfrávik
Reykt og/eða saltað folaldakjöt	4,44	0,10
Folaldasteikur	<u>5,47</u>	0,17
Folaldahakk	4,43	0,08
Folaldagúllas	5,02	0,12
Folaldasnitset	5,02	0,12
Grafið eða reykt (hrátt) folaldakjöt	3,96	0,07

Fólk virðist líklegra til þess að kaupa folaldakjöt frekar en hrossakjöt en þó eru töluverðar líkur á hvoru tveggja. Flestum þótti ólíklegast að þeir myndu kaupa grafið eða reykt. Folaldasteikurnar þóttu líklegastar til kaups en fast á eftir fylgir folalda- gúllas og snitset.

Tafla 29. Hversu líklegt eða ólíklegt á skalanum 1-7 er að þú myndir kaupa eftirfarandi vöru? (Svarhlutfall allra þátttakenda. Sundurliðað eftir þéttbýlis eða dreifbýlisbúsetu.) (n=698)

	Allir	Reykt og/eða saltað hrossakjöt	Hrossabjúgu	Hrossasteikur	Hrossahakk	Hrossagúllas	Hrossasnitset
dreifbýli	Meðaltal	5,30	4,98	5,62	4,27	5,13	5,24
	Staðalfrávik	2,18	2,13	1,86	2,26	1,99	1,98
	N	128	128	128	124	127	127
þéttbýli	Meðaltal	4,34	4,16	4,78	3,72	4,36	4,30
	Staðalfrávik	2,39	2,38	2,24	2,17	2,22	2,22
	N	572	569	561	553	566	557
	p-gildi	<0,0001	<0,0001	<0,0001	<0,0001	<0,0001	<0,0001
	Marktækur munur milli þéttbýlis og dreifbýlis	Já	já	já	já	Já	já

Steikur eru vinsælastar meðal beggja hópa og marktækur munur er í öllum svörum milli þétt- og dreifbýlis.

Tafla 30. Hversu líklegt eða ólíklegt á skalanum 1-7 er að þú myndir kaupa eftirfarandi vöru? (Svarhlutfall allra þátttakenda. Sundurliðað eftir þéttbýlis eða dreifbýlisbúsetu.) (n=698)

	Allir	Reykt og/eða saltað folaldakjöt	Folalda-steikur	Folalda-hakk	Folalda-gúllas	Folalda-snitset	Grafið eða reykt (hrátt) folaldakjöt
dreifbýli	Meðaltal	5,09	6,14	4,69	5,67	5,74	4,62
	Staðalfrávik	2,15	1,59	2,25	1,86	1,83	2,18
	N	127	128	127	128	128	125
þéttbýli	Meðaltal	4,28	5,32	4,36	4,88	4,87	3,77
	Staðalfrávik	2,41	2,20	2,29	2,26	2,27	2,31
	N	566	561	559	565	558	539
	p-gildi	<0,0001	<0,0001	0,0682	<0,0001	<0,0001	<0,0001
	Marktækur munur milli þéttbýlis og dreifbýlis	já	já	nei	já	já	já

Marktækur munur er í öllum svörum á vörum milli þétt- og dreifbýlis nema hvað varðar folaldahakkið. Samkvæmt töflum 29 og 30 eru dreifbýlisbúar öllu jákvæðari gagnvart hrossa- og folaldakjöti en það á ekki við um folaldahakk því þar er ekki marktækur munur.

Tafla 31. Hversu líklegt eða ólíklegt á skalanum 1-7 er að þú myndir kaupa eftirfarandi vöru? (Svarhlutfall þeirra þátttakenda sem falla undir hóp oft (þeir sem borða hrossakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar) Sundurliðun eftir þéttbýlis eða dreifbýlisbúsetu.) (n=698)

	<u>Hópur oft</u>	Reykt og/eða saltað hrossakjöt	Hrossa-bjúgu	Hrossa-steikur	Hrossa-hakk	Hrossa-gúllas	Hrossa-snitset	Grafið eða reykt (hrátt) hrossakjöt
dreifbýli	Meðaltal	5,98	5,53	6,56	5,65	6,26	6,28	5,40
	Staðalfrávik	1,99	1,91	1,10	1,91	1,19	1,16	1,80
	N	43	43	43	43	42	43	42
þéttbýli	Meðaltal	5,92	5,51	6,09	5,03	5,77	5,84	4,38
	Staðalfrávik	1,69	2,00	1,42	1,87	1,44	1,51	2,10
	N	133	131	130	127	130	128	117
	p-gildi	0,4390	0,4725	0,0140	0,0345	0,0150	0,0263	0,0016
	Marktækur munur milli þéttbýlis og dreifbýlis	nei	nei	já	já	já	já	já

Tafla 32. Hversu líklegt eða ólíklegt á skalanum 1-7 er að þú myndir kaupa eftirfarandi vöru? (Svarhlutfall þeirra þátttakenda sem falla undir hóp oft (þeir sem borða folaldakjöt 2 sinnum í mánuði eða oftar) sundurliðun eftir þéttbýlis eða dreifbýlisbúsetu.) (n=698)

	Hópur oft	Reykt og/eða saltað folaldakjöt	Folalda-steikur	Folalda-hakk	Folalda-gúllas	Folalda-snitset	Grafið eða reykt (hrátt) folaldakjöt
dreifbýli	Meðaltal	5,39	6,78	5,50	6,43	6,57	5,34
	Staðalfrávik	2,05	0,57	2,09	0,92	0,81	1,95
	N	54	54	54	54	54	53
þéttbýli	Meðaltal	5,50	6,58	5,68	6,11	6,24	4,78
	Staðalfrávik	2,01	1,02	1,74	1,43	1,34	2,10
	N	153	152	151	154	152	145
	p-gildi	0,3620	0,0409	0,2841	0,0331	0,0157	0,0413
	Marktækur munur milli þéttbýlis og dreifbýlis	nei	já	nei	já	já	já

Í töflu 31 og 32 var eingöngu verið að skoða mun á búsetu milli þeirra sem neyta hrossa- og folaldakjöts reglulega. Þar er ekki marktækur munur á hrossabjúgum og reyktu/söltu kjöti. Aftur er ekki marktækur munur milli búsetu hvað varðar kaupvilja á folaldahakki og ekki er heldur marktækur munur milli reyks eða saltaðs folaldakjöts.

4. Umræða og ályktanir

4.1 Umræður

Það er ljóst að hrossakjöt er gæðavara þó hún sé ekki gallalaus frekar en annað og að fólk er almennt jákvætt í garð hrossakjöts. Hátt hlutfall þátttakenda eða 96% sögðust hafa smakkað hrossa- og/eða folaldakjöt sem vekur upp spurningar um bjögun. Þar sem náð var til fólks með facebook auglýsingu verður þýðið aldrei fullkomlega tilviljanakennt þó svo auglýsingin birtist tilviljanakennt hjá fólki. Þegar auglýsingin birtist þá sést um hvað hún er og möguleiki er á því að þeir sem hafa áhuga á viðfangsefninu séu viljugri til þess að taka könnunina en þeir sem málið ekki varðar. Annað sem ber að athuga er að ekki allir Íslendingar eru virkir á facebook sem dregur einnig úr fullkomlega tilviljanakenndu þýði (Solomon, 2001; Balcostics Research. á.á).

Lítið var um hleypidóma og hafa þeir líklegast elst af þjóðinni. Aðgengi, framsetningu og sýnileika vöru er greinilega ábótavant en einnig eru sóknarfæri í kynningu á gæðum, matreiðslu og fleiru sem vekur áhuga.

